

# Fundargerð 28. fundar ferðamálaráðs – 8. maí 2009

Fundurinn var haldinn í iðnaðarráðuneytinu 8. maí 2009, kl. 8.30.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Dóra Magnúsdóttir, Einar Karl Haraldsson, Gunnar Sigurðsson, Sævar Skaptason, Jón Ásbergsson, Helgi Már Björgvinsson og Pétur Rafnsson. Einnig áheyrnarfulltrúarnir Ólöf Ýrr Atladóttir og Helga Haraldsdóttir sem ritaði fundargerð. Dagur B. Eggertsson var fjarverandi.

## Dagskrá:

- Fundargerð síðasta fundar.
- Kynning á breyttri starfsemi Ferðamálasamtaka Íslands. Pétur Rafnsson.
- Framvinda vinnu við flutning verkefna Ferðamálastofu til sendiráða.
- Viðbrögð við svínaflensufaraldri.
- Önnur mál.

**1. Fundargerð síðasta fundar** samþykkt.

**2. Kynning á starfsemi Ferðamálasamtaka Íslands.** Pétur Rafnsson formaður og framkvæmdastjóri FSÍ fór yfir samning samtakanna við Ferðamálastofu og svaraði spurningum ráðsmanna um starfsemina. PR sagði frá sýningunni Frístundir og ferðalög sem verður dagana 8.-10. maí 2009 í Laugardalshöll.

### **3. Framvinda vinnu við flutning verkefna Ferðamálastofu til sendiráða.**

Fulltrúar SAF lögðu fram eftirtaldar spurningar:

*Hverjir munu sinna störfum tengdum ferðaþjónustu í sendiráðunum? - Verður bætt við stafsfólki á fleiri stöðum en í Berlín?*

*Hvernig ganga samningar við Útflutningsráð um flutning verkefna samkvæmt samningnum sem undirritaður var?*

*Hversu mikið fjármagn má búast við að skili sér í markaðstengd verkefni erlendis strax á þessu ári, sem rekja má til breytinga og tilfærslna?*

*Er ljóst hvernig skipulag Ferðamálastofa verður eftir breytinguna t.d í tengslum við Markaðsstofur o. fl.?*

*Hvað líður samstarfsvettvangi milli greinarinnar og aðila samningsins í tengslum við undirbúning verkefnaflutnings?*

EKH, ÓYÁ og JÁ lýstu stöðu mála og svöruðu spurningunum. Sagt var frá því að ráðgjafi á vegum þriggja ráðuneyta myndi stýra málinu ásamt fulltrúum viðskiptalífs og ferðaþjónustu. Búið væri að tilnefna sérstaka tengiliði v. ferðaþjónustu í öllum sendiráðum á Norðurlöndum.

Námskeið fyrir starfsfólk sendiráða yrði haldið á næstunni. Fimmtudaginn 14. maí verði athöfn í Kaupmannahöfn vegna flutnings verkefna Ferðamálastofu til sendiráðsins þar í borg. Sendiherrann þar hafi lýst miklum áhuga og metnaði sendiráðsins vegna málsins. Í New York sé stefnt að flutningi verkefna Ferðamálastofu á skrifstofu Aðalræðismanns.

Fundarmenn hnykktu á tilgangi samstarfssamnings Ferðamálastofu. Útflutningsráðs og utanríkisráðuneytis sem er sá að spara rekstrarfé til að hafa meira til verkefna. SK áréttaði að samningurinn snúist ekki um flutning verkefna heldur fyrst og fremst samstarf þessara aðila. EKH sagði ekki óeðlilegt að þetta tæki tíma.

Rætt var um það hvenær losna myndi um rekstrarfjármagn, stöðu stefnumótunar Ferðamálastofu og nauðsyn þess að greinin hafi aðgang að umræðunni á sem víðtækastan hátt.

#### **4. Viðbrögð við svínaflensufaraldri (H1N1).** Sagt frá upplýsingum frá

Landlæknisembættinu á [influensa.is](http://influensa.is) og að iðnaðarráðuneytið hefði komið á tengslum milli embættisins við ferðaþjónustuna og aðra aðila sem reikna má með að ferðamenn leiti til varðandi upplýsingar um. Ekki talin ástæða til að hafa áhyggjur að svo stöddu. HMB sagði bókanir með besta móti en Ícelandair hefði eðlilega verið órólegt vegna fregna af flensunni.

#### **5. Önnur mál.**

1. SS sýndi drög að samningi á milli Umhverfisstofnunar og sveitarstjórnar í Mýrdal um heftan aðgang að Dyrhólaey.

2. Niðurstöður viðhorfskönnunar sem Ferðamálastofa og Útflutningsráð létu gera eru að verða tilbúnar. Verða kynntar 20. maí.

Svo virðist sem bankahrún hafi ekki skaðað ímynd landsins. Náttúran sé enn það sem fyrst komi upp huga fólks þegar nafn landsins er nefnt.

3. Staða mála við Geysi var kynnt en Ferðamálastofa og Umhverfisstofnun halda áfram viðræðum við landeigendur um uppbyggingu á svæðinu í nánú samstarfi við þá.

4. Gerð var grein fyrir því að ný stjórn Iceland Naturally hefði verið skipuð í apríl, að úthlutun 100 millj. af byggðaáætlun til nýsköpunar í ferðaþjónustu væri nýlukið og að starfshópur um endurskoðun laga um ferðamál hefði hafið störf en þar er sjónum beint að því að einfalda mat á tryggingum ferðaskrifstofa.

Fundi slitið kl. 9:50. Næsti fundur fyrirhugaður 5. júní n.k.